



Frá skólaslitunum.

Morgunblaðið/Sigurðir


### Vestmannaeyjar:

# Framhaldsskólanum slitið í 4. skipti

Vestmannaeyjum, 20. maí.

FRAMHALDSSKÓLANUM í Vestmannaeyjum var slitið laugardaginn 14. maí. Þetta er í fjórða skiptið sem skólanum er slitið, en skólinn, sem er fjölbrautaskóli, var stofnaður árið 1979 með því að sameina framhaldsdeildir Gagnfræðaskólans, Iðnskólans og Vélaskólans. Stýrimannaskólinn í Vestmannaeyjum hélt hinsvegar sjálfstæði sínu og starfar áfram samkvæmt sérstökum lögum.

Skólaárið nú markar þáttaskil í sögu skólans því öll kennsla fór nú fram undir einu þaki í fyrsta skipti frá stofnun hans, en húsnaði gamla Iðnskólans hefur verið endurbætt og hýsir allan framhaldsskólann.



Gísli Friðgeirsson, skólameistari framhaldsskólans í Vestmannaeyjum.

Í vetur stundaði 141 nemandi nám í skólanum, 26 á uppeldisbraut, 21 á náttúrufræðibraut, 37 á viðskiptabraut, 8 á heilsugæslubraut, 6 í grunndeild málmíðna, 24 á iðnbrautum, 6 á vélstjórabraut og 13 í fornámi. Kennarar voru 10 auk skólameistara, Gísli Friðgeirssonar, og 7 stundakennara. Aðstoðarskólameistari er Ólafur H. Sigurjónsson.

Ýmsir nemendur hlutu verðlaun og viðurkenningar fyrir góðan námsárangur. Mesta athygli við skólaslitin vakti frábær árangur Sigurbjörns Theódórssonar, sem lauk 2. stigi á vélstjórabraut með 9,67 í aðaleinkunn.

— hkj.

# Heimsþing myndlistarmanna hefst í Helsinki 23. maí

## Íslenskir myndlistarmenn taka þátt í sýningum þingsins

NORRÆNU þjóðardeildir alþjóðlegu myndlistarsamtakanna IAA-AIAP (UNESCO) eru sameiginlegur gestgjafi 10. alþjóðlegu ráðstefnu samtakanna dagana 23. maí—31. maí 1983. Ráðstefnuhaldið verður að Hanaholmen í Finnlandi, menningarsetri Finnlands og Svíþjóðar.

Alþjóðlegu myndlistarsamtökin IAA-AIAP voru stofnuð af UNESCO árið 1954, aðildarstofnun, er hefur að markmiði að vera ráðgefandi aðili fyrir UNESCO í málum er varða menningu á sviði myndlistar. Auk þess standa samtökin fyrir námsþingum og alþjóðlegum ráðstefnum um myndlist.

Þátttökulönd í 10. alþjóðlegu ráðstefnu samtakanna eru 72 talsins. Viðfangsefni ráðstefnunnar er:

Myndlistin í leit að nýju heimsskipulagi.

1. Fjallað er um menningarlega þjóðarvitund.
2. Fjallað er um möguleika myndlistarmannsins til að hafa áhrif á alþjóðlega menningu og velferðarmál á alþjóðlegum vettvangi.

Málefni þessi eru einnig verkefni norrænu UNESCO-nefndanna, er samið hafa tillögur um Cultural Dimension of Development. Tillögur þær voru til umræðu á menningarpólitísku heimsþingi á vegum UNESCO sl. sumar í Mexíkó.

Í tengslum við ráðstefnuna munu Norðurlöndin standa fyrir tveimur heimildarsýningum, ann-

ars vegar yfirlitssýningu um menningu þátttökulandanna allra og hins vegar sýningu á hinni mismunandi vinnuáðstöðu myndlistarmanna í hinum ýmsu löndum samtakanna.

Ýmsar myndlistarsýningar verða opnar í tengslum við ráðstefnuna. Ber þar helst að nefna tvær samnorrænar sýningar á vegum Norrænu myndlistarmiðstöðvarinnar, Sveaborg, Finnlandi. Borealis — Norrænar myndir '83 er stærsta verkefnið, sem Norræna listamiðstöðin hefur staðið fyrir til þessa. Sýningin verður opnuð 27. maí nk. í Konsthallen í Helsinki í tengslum við heimsþingið. Af þeim 16 myndlistarmönnum eru valdir voru til þátttöku í sýningunni eru þrír íslenskir myndlistarmenn, þau Magnús Tómasson, Ásgerður Búa-dóttir og Gunnar Örn Gunnars-son.

Einnig stendur yfir á þingtím- anum sýning á norrænu landslagi í myndlist. Sýningin er á Svea- borg. Íslenskir sýndendur þar eru myndlistarmennirnir Eiríkur Smith, Edda Jónsdóttir og Þórður Hall.

Alþjóðleg samtök myndlistar- gagnrýnenda munu halda þing á sama tíma og heimsþingið stendur yfir og munu myndlistarmenn þinga með þeim einn dag.

Til fjáröflunar ráðstefnunnar hefur verið gefin út grafíkmappa með mynd eftir einn grafíklista- mann frá hverju Norðurlandanna. Myðirnar eru unnar af einum þekktustu grafíklistamönnum Norðurlandanna, þeim Ragnheiði Jónsdóttur, Íslandi, Esa Riippa, Finnlandi, Nanna Herstad, Dan- mörku, Svein Johansen, Noregi, og Svenrobert Lundquist, Svíþjóð. Mappan er til sölu hér. Upplýs- ingar fást hjá Íslandsdeild alþjóð- legu myndlistarsamtaka UNESCO, en hana skipa eftirtal- dir: Sigríður Björnsdóttir, formað- ur, Stephen Fairbairn, ritari, Val- gerður Bergsdóttir, fulltrúi stjórnar FÍM, Richard Valtingoj- er, Hagsmunafélag myndlistar- manna og Torfi Jónsson, skóla- stjóri Myndlista- og handiðaskola Íslands.

Samvinna Norðurlandanna við undirbúning þessarar 10. alþjóð- legu ráðstefnu hefur vakið mikla athygli sem jákvætt dæmi um langþráða samvinnu þjóða á milli og lögð hefur verið áhersla á gildi þess samstarfs til eflingar heims- friðar.

Norræna framkvæmdanefndin hefur unnið við undirbúning ráð- stefnunnar síðan 1980. Fulltrúi Ís- lands í undirbúningsnefnd er Sig- riður Björnsdóttir.

(Fréttatilkynning.)

GJAFAVÖRUVERSLUNIN

## Elegans

SKÓLAVÖRDUSTÍG 42

ELEGANT  
SILFURPLETT  
POSTULÍN — GLERVÖRUR  
OG MESSING



ELEGANT FYRIR VANDLÁTA

GANGID INN Í

### ELEGANS

á SKÓLAVÖRDUSTÍG 42.

Innilegar þakkir til allra þeirra sem heimsóttu mig og færðu mér blóm og gjafir, eða glöddu mig á annan hátt á 70 ára afmæli mínu, þann 11. maí sl. Lifið heil.

Guðmundur Sigurðsson,  
Möðruvöllum, Kjós.

Innilegustu þakkir til allra sem heimsóttu mig á 80 ára afmælinu mínu, 18. maí, með stórgjöfum, skeytum og símtölum. Sérstakar þakkir færi ég börnum okkar, tengdabörnum og barnabörnum fyrir stórkostlegar gjaf- ir. Gæfan fylgi ykkur öllum.

Guðni Brynjólfsson,  
Tjarnargötu 6, Keflavík.



HEILDSÖLUBIRGDIR:

AGNAR LUDVIGSSON HF.  
Nýlendugata 21.  
Sími 12134.